

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 4. september 2015 kl. 13:00-15:00 í Nýja Garði

Mætt voru: Auður Hauksdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Benedikt Hjartarson (B&L), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Björn Þorsteinsson (HEIM) og Vilhjálmur Árnason (SIÐ) boðuðu forföll. Irma Erlingsdóttir (EDDA) mætti ekki.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Lá ekki fyrir.

2. *Skýrsla um rannsóknastofnanir*: ÁE kynnti málið og sagði frá fundi sem hann átti með háskólaráði daginn áður, þar sem starfsemi stofnana sviðsins var m.a. til umræðu. ESS dreifði drögum að umsögn (sjá viðhengi). Samþykkt var að senda umsögnina með þremur viðbótum: 1. Bæta við upplýsingum um nýja stofu undir Sagnfræðistofnun, Miðstöð einsögurannsókna; 2. Gera athugasemdir við lið 15 á bls. 12 um að ekki sé ljóst hvað átt er við með að misræmi sé milli reglna og raunverulegrar starfsemi; 3. athugasemd um að það sé ekki alltaf ljóst í skýrslunni að fastastofnanir Hugvísindasviðs, sem eru undir Hugvísindastofnun, séu stofnanir í sama skilningi og stofnanir sem eru undir deildum á öðrum sviðum. Svardrögin verða send stjórninni til samþykktar áður en þau fara til háskólaráðs.

3. *Samrekstur í rannsóknastyrkjum*: ESS kynnti málið. Nú er heimilt að sækja um allt að 25% ofan á styrkuppþæð hjá Rannsóknasjóði (Rannís) undir liðnum samrekstur. Þessi hluti styrks er til að standa straum af þeim kostnaði sem stofnun eins og HÍ hefur af því að hýsa verkefni (hiti, húsnæði, bókhald o.fl.) en ekki til að greiða beinan kostnað verkefna. Í miðlægrri stjórnsýslu fer nú fram umræða um hvernig eigi að höndla samrekstur í styrkum og má búast við að hluti hans renni til miðlægrar stjórnsýslu (en einungis lítill hluti). Fyrir fundinum lágu tvær tillögur til umræðu um hvernig ætti að fara með samrekstur í styrkum innan Hugvísindasviðs.

- Tillaga 1: Samrekstrarhlutanum verður skipt í tvennt, helmingur rennur til verkefnanna sjálfra og helmingur til Hugvísindastofnunar. Viðbótin til Hugvísindastofnunar gæti farið í að efla stuðning við styrkjasókn í gegnum Rannsóknasjóð stofnunarinnar.
- Tillaga 2: Samrekstrarhlutanum verður skipt í þrennt og fer einn þriðjungur til Hugvísindastofnunar, einn þriðjungur til „heimastofnunar“ verkefnisins og einn þriðjungur til verkefnisins sjálfs.

Í umræðum komu fram ýmsar skoðanir en flestur studdu tillögu eitt með þeim rökum að þannig væri hægt að byggja upp öflugri stuðning við umsækjendur hjá Hugvísindastofnun, t.d. með styrkjum til þeirra sem sækja um stærri styrki. Samþykkt var að bíða eftir fundargerð, með skýrri lýsingu á kostunum, þannig að fulltrúar stofnana gætu kynnt þær og rætt í sínum stjórnnum.

4. *Verklagsreglur um doktorsnám*: ÁE kynnti drög að verklagsreglum sem passa tillögu að nýjum reglum um doktorsnám á sviðinu. Nokkur umræða varð um verkferlalýsinguna og lýsti BH yfir áhyggjum af því að reglurnar tryggðu ekki aðkomu deilda að ákvarðanatöku um doktorsnám sem er á þeirra ábyrgð.

5. *Vísindanefnd HÍ*: SAB fór á síðasta fund í vísindanefnd HÍ (sem varamaður IE). Þar voru kynntar nýjar tillögur að einfaldara matsferli (eftir sem áður mest byggt á stigamati umsækjenda). Næstu umsóknafrestur í Rannsóknasjóð Háskólans verður 12. október. ESS sagði frá úthlutun nýdoktorastyrkja Háskólans þar sem þrjú af fimmtan styrkþega verða við Hugvísindasvið. Það eru einungis 10% umsækjenda, sama og hjá VON, en hjá öðrum sviðum var árangurshlutfallið mun hærra (19% á FÉL, 27% á HVS og 40% hjá MENNT). Gæði umsókna og umsækjenda geta ekki skýrt þennan mun. Svo virðist sem lítið tillit sé tekið til umsókna og gæða þegar styrkjum er skipt

milli sviða. Svipuð staða kom upp við úthlutun doktorsnámsstyrkja í síðustu úthlutun. ESS taldi nauðsynlegt að mótmæla þessum niðurstöðum og var honum ásamt ÁE falið að gera svo.

6. Önnur mál: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:00